

Aðalheiður Guðmundsdóttir,
dósent í Þjóðfræði við Háskóla Íslands

Um karl og kerlingu í koti – eða sagnaþuli og búsetu þeirra

Í fyrirlestrinum verður litið til þess samfélags sem mótaði íslensk ævintýri, þ.e.a.s. sagnamanna og -kvenna og hvernig fræðimenn hafa leitast við að tengja ævi þeirra og lífshlaup þeim sögum sem þau tileinkuðu sér og miðluðu til annarra. Í samfélagslegum rannsóknum er m.a. litið til þess hvaða hlutverki sögur og sagnaskemmtun gegndu í samfélagi fyrri alda og hvaða gildi sögurnar gátu haft fyrir menningu tiltekinna svæða. Í þessu samhengi skiptir búseta heimildarmanna miklu máli og sér í lagi leitist menn við að rannsaka héraðs- og landshlutabundin einkenni Þjóðsagna og með hvaða hætti þær laga sig að umhverfinu. Litið verður til heimildarmanna þeirra ævintýra sem skráð voru í Þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar, og landfræðilegrar dreifingar þeirra. Þetta verður þó ekki einungis gert í þeim tilgangi að kortleggja íslenska sagnamenn og búa þannig í haginn fyrir frekari samfélagslegar rannsóknir, heldur verður athugað hvort eitthvað bendi til þess að ævintýri hafi verið sögð á einu landsvæði fremur en öðru. Einkum verður þó dvalið við landsvæði þar sem fáir sagnamenn bjuggu og spurt hvaða ástæður gætu hugsanlega legið að baki þessum mun á virkni sagnamennsku eftir landsvæðum. Sérstök áhersla verður lögð á að skoða byggðina umhverfis Breiðafjörð og útbreiðslu ævintýra þar um það leyti sem Jón Árnason stóð að Þjóðsagnasöfnun sinni á 19. öld.

Rósa Þorsteinsdóttir, rannsóknarlektor
hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Heimildarmenn Jóns Árnasonar og sögurnar þeirra

Þó að Jón Árnason sé oftast nefndur Þjóðsagnasafnari er alkunnugt að hann safnaði sjálfur ekki miklu efni af vörum fólks. Langstærsti hluti Þjóðsagnasafns Jóns eru sögur sem hann fékk úr handritum annarra, en hann skrifaði vinum sínum og fræðimönnum víðs vegar um landið og lét fylgja með yfirlit yfir það sem hann vildi helst að þeir söfnuðu eða létu safna. Þannig má segja að Jón hafi mun frekar verið í hlutverki ritstjóra en eiginlegs Þjóðsagnasafnara. Hér er ætlunin að athuga sögur í Þjóðsagnasafninu sem Jón tekur ekki eftir handritum annarra manna. Forvitnilegt er að sjá hverjir voru heimildarmenn Jóns sjálfs: Hver er kynjaskiptingin? Af hvaða stétt er það fólk? Hvaðan af landinu er það? Merklegt er einnig að sjá hverja Jón nafngreindir sem heimildarmenn sína og hverja ekki og ástæða til að velta fyrir sér orsökum þess að sumir eru nefndir fullu nafni á meðan aðrir eru einingis kallaðir „gömul kona“, „Borgfirðingur“ eða annað í þeim dúr. Og síðast en ekki síst er athyglisvert að skoða hvers konar sögur heimildarfólk Jóns sjálfs sagði.

Dagskrá málþings 24. nóvember 2012

11:00–11:15
Inngangsorð
Aðalheiður Guðmundsdóttir

11:15–12:30
Sverrir Jakobsson, aðjunkt í sagnfræði við Háskóla Íslands
Hinir íslensku Grimmsbræður. Söfnun Þjóðsagna í evrópsku samhengi

Bragi Þorgrímur Ólafsson,
fagstjóri handritasafns Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns
Yfirlit yfir Þjóðsagnahandrit Jóns Árnasonar

Viðtal við Jacqueline Simpson, Þjóðfræðing og Þýðanda
Icelandic folktales and legends, úrvals úr safni Jóns Árnasonar

Stjórn málstofu: Valdimar Tr. Hafstein

12:30–13:15 Hádegishlé
Opnun sýningar um Jón Árnason og Þjóðsagnasöfnun hans

13:15–14:45
Terry Gunnell, prófessor í Þjóðfræði við Háskóla Íslands
Hlutverk Sigurðar Guðmundssonar málara
í *Íslenskum Þjóðsögum og æfintýrum*

Gísli Sigurðsson, rannsóknarprófessor
hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Þjóðsögurnar og hið Þjóðlega

Bo Almqvist, prófessor emeritus í írskum Þjóðfræðum
við University College Dublin
Í leit að Vilfríði Völufegri

Stjórn málstofu: Júlíana Þ. Magnúsdóttir

14:45–15:00 Hlé

15:00–16:00
Aðalheiður Guðmundsdóttir, dósent í Þjóðfræði við Háskóla Íslands
Um karl og kerlingu í koti – eða sagnaþuli og búsetu þeirra


Rósa Þorsteinsdóttir, rannsóknalektor
hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Heimildarmenn Jóns Árnasonar og sögurnar þeirra

Stjórn málstofu: Kristín Einarsdóttir

Umsjón og ábyrgð: Aðalheiður Guðmundsdóttir

Málþingið er styrkt af Háskólasjóði og haldið í samvinnu við Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn. Sýning í tengslum við málþingið er á vegum Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns, hönnuð af Ólafi Engilbertssyni. Samstarfsaðilar vegna sýningarhalds eru Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðminjasafn Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands.

Jón Árnason og Þjóðsögurnar



Í tilefni af því að liðin eru 150 ár frá því að fyrri bindi *Íslenskra Þjóðsagna og æfintýra* var gefið út í Leipzig (1862–1864) stóð námsbraut í Þjóðfræði við Háskóla Íslands fyrir málþingi um Jón Árnason, söfnun hans og Þjóðsögurnar. Málþingið var haldið í fyrirlestrasal Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns, laugardaginn 24. nóvember, 2012.

Sverrir Jakobsson, aðjunkt í sagnfræði við Háskóla Íslands

Hinir íslensku Grimmsbræður.

Söfnun þjóðsagna í evrópsku samhengi

Þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar hefur íðulega verið álitid upphafs-punktur fyrir þjóðsagnasöfnun á Íslandi en jafnframt viðmið fyrir þjóðsagnasöfnun almennt. Við söfnun og flokkun þjóð-sagna leitaði Jón í smiðju erlendra frumkvöðla. Hin hefðbundna flokkun íslenskra þjóðsagna byggist á flokkunarkerfi Konrads Maurers er hann gaf út fyrsta yfirlitssafni íslenskra þjóðsagna árið 1860. Sú flokkun byggist ekki síst á því hvaða verur eða fyrirbæri koma fyrir sjónir manna í hverri sögu. Flokkunin í safni Jóns Árnasonar var ekki sjálfsagður hlutur þó að henni hafi í stórum dráttum verið fylgt til þessa því eitt grundvallareinkenna sagn-anna er að þær eru ekki í eðli sínu skýrt afmarkaðar. Hinir miklu frumkvöðlar í þjóðsagnasöfnun, Grimm-bræður, skiptu efni sem varðveist hefur í munnlegri geymd í þrjá meginflokka sem má skilgreina á þann hátt, að þjóðsaga sé sögð til dægurstyttingar og hafin yfir stund og stað, sögn eigi hins vegar rætur í hversdags-legum veruleika en godsaga hafi yfir sér helgiblæ og fjalli oft um guði eða hálfguði. Skilin milli þjóðsögu og sagnar eru þó óljós og skarast efni þessara flokka að verulegu leyti í safnrítum þessa efnis hér á landi. Annað vandamál tengist hugtakinu ævintýri. Nafnið á safni Jóns Árnasonar, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, sýnir þetta vel því þessu tvennu er haldið aðgreindu í titlinum en í safninu sjálfu eru ævintýrin talin einn flokkur þjóðsagna.

Bragi Þorgrímur Ólafsson, fagstjóri handritasafns Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns

Yfirlit yfir þjóðsagnahandrit Jóns Árnasonar

Þjóðsögur Jóns Árnasonar hafa lifað með þjóðinni í 150 ár og hafa þær fest sig rækilega í sessi sem hluti af íslenskri þjóðmenningu. Jón og samferðamenn hans lögðu mikla vinnu í að safna og gefa út sögurnar, enda eru þær fjölmargar að bæði stærð og gerð. Á bak við þessa vinnu liggja fjölmörg handrit, bréf og vinnugögn Jóns og annarra, sem gerð verður grein fyrir í erindinu.

Jacqueline Simpson, þjóðfræðingur

Viðtal um þýðingu hennar á þjóðsögum úr safni Jóns Árnasonar

Jacqueline Simpson lauk MA-prófi í íslenskum miðaldabókmenntum frá University of London árið 1955. Hún hafði því unnið með íslenska miðaldatexta um árabíl áður en hún tók að

sér að þýða þjóðsögur úr safni Jóns Árnasonar yfir á ensku, en safnið, *Icelandic Folktales and Legends*, leit dagsins ljós árið 1972 (endurútgæfið 2004). Sögurnar segist hún hafa valið af handa-hófi, en stundum segir hún það þó hreinlega hafa ráðið úrlitum hverjar þeirra hún skildi betur en aðrar. Sagnirnar höfðu þó alla tíð meira til hennar en ævintýrin, enda tengdust þær landi og þjóð betur og telur Jacqueline að þær gefi erlendum lesendum betri innsýn í íslenskt þjóðlíf en ævintýrin með sinni alþjóð-legu skírskotun. Jacqueline var meðvituð um hinn svokallaða þjóðsagnastíl sem Jón Árnason vildi hafa á sögunum, og leitaðist við að ná þeim sérstaka blæ sem einkennir íslenskar þjóðsögur. Íslenska efnid segir hún þó um margt líkt efni frá Bretlands-eyjum og Skandinavíu, en sem dæmi um frávik mætti t.d. nefna kvenhetjurnar, sem hún telur vera sterkari og jafnvel sjálfstæðari í sögum frá Íslandi en nágrannalöndunum.

Terry Gunnell, prófessor í þjóðfræði við Háskóla Íslands

Hlutverk Sigurðar Guðmundssonar málara í *Íslenzkum þjóðsögum og æfintýrum*

Sigurður Guðmundsson sneri heim frá Kaupmannahöfn árið 1858, og varð góður vinur og samstarfsmaður Jóns Árnasonar allt til dauðadags árið 1874. Þeir bjuggu saman í Aðalstræti (ásamt Matthíasi Jochumssyni) árið 1860, á þeim tíma sem Jón var að safna efni fyrir *Íslenskar þjóðsögur og æfintýri* (og Matthías að skrifa *Útilegumennina*), og eftir það börðust þeir saman fyrir stofnun þjóðminjasafns á Íslandi. Það er vitað mál að Sigurður hannaði íslenska þjóðbúninginn, ásamt því sem hann stóð á bak við hugmyndir um sköpun nýs þjóðleikhúss á Íslandi. Hann hvatti leikritahöfunda til að nota m.a. þjóðsagnaefni í leikrit sín (eins og *Útilegumennina* og *Nýársnótt*), og ljóst er að hann – eins og Jón Sigurðsson, Konrad Maurer og Guðbrandur Vigfússon – skildi mikilvægi þess að Íslendingar ættu sér þjóðsagnasafn (líkt og Þjóðverjar, Norðmenn og Danir). Í þessum fyrirlestri mun ég athuga nánar það efni sem Sigurður safnaði sjálfur fyrir safnið, og hvernig, hverju og hvar hann safnaði, og hvaða viðhorf hann hafði til efnisins.

Gísli Sigurðsson, rannsóknarprófessor hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Þjóðsögurnar og hið þjóðlega

Með útgáfu þjóðsagna Jóns Árnasonar 1862–64 mótuðust hugmyndir fólks á Íslandi um hið þjóðlega, með samruna hugtakanna um þjóð og alþýðu sem birtist í orðinu

„þjóðsögur“. Áður höfðu Jón og Magnús Grímsson mótað hinn alþýðlega frásagnarstíl með *Íslenzkum æfintýrum* 1852 – og skipað þannig alþýðlegum sögum á viðurkenndan bókmenntabekk. Með þjóðsagnaútgáfunni birtust í fyrsta sinn saman á bók alþýðlegar sögur víðs vegar að af landinu og útgáfan skapaði þannig heildarsýn á landsmenn sem féll að hugmyndum um íslenska þjóð. Í tengslum við útgáfuna urðu til ýmsir þjóðlegir siðir á borð við álfabrennur og þorablót, og grundvallarleikrit landsmanna, *Útilegumenn* Matthíasar og *Nýársnótt* Indriða eru skrifuð upp úr sögunum. Æ síðan hafa þjóðsögurnar verið sá brunnur sem skáld og listamenn sækja í þegar leitað er að „hinu íslenska“ við hvers konar nýsköpun. Þetta nær jafnvel inn í landkynningu gagnvart erlendum ferðamönnum. Þeim eru sagðar þjóðsögur eins og þær séu dæmi um hið séríslenska – þegar sannleikurinn er sá að þjóðsögur eru mjög alþjóðlegar. Hinn íslenski hugtakasamsláttur á þjóð og alþýðu hefur því villt fyrir fólki á Íslandi og skapað hugmyndir um þjóðlega sérstöðu í 150 ár sem óveruleg inni-stæða er fyrir.

Bo Almqvist, professor emeritus of Irish Folklore, University College Dublin

Í leit að Vilfríði Völufegri

Fullvíst er að Jóni Árnasyni þótti vænna um ævintýrið af Vilfríði Völufegri en nokkra aðra sögu í safni sínu, enda lagði hann sig mjög fram um að ná í eins margar og góðar gerðir af sögunni og unnt var. Sú skýring hefur verið sett fram að þetta stafi af vinsældum Grimmsævintýrisins *Schneewittchen*, sem vinur og samstarfsmaður Jóns, Magnús Grímsson, þýddi á íslensku undir titlinum *Mjallhvít*. Þetta má eflaust til sanns vegar færa, en

margt fleira kemur og til álita, t.a.m. sérstakur áhugi Konrads Maurer einmitt á þessu ævintýri, en hann var frumkvöðull íslenskrar þjóðsagnasöfnunar og ævintýra. Guðbrandur Vigfússon, sem studdi og aðstoðaði Jón á margan hátt, benti einnig á ýmislegt í sambandi við ævintýrið sem leiddi til þess að Jón áleit það sérstaklega fornt og mikilvægt. Síðast en ekki síst var sagan af Vilfríði Jóni einkar hjartfólgin vegna þess að hún var sögð honum sjálfum í barnæsku. Reynt verður að útskýra þessi atriði nánar í erindinu, þar sem einnig verður gefið yfirlit yfir íslenskar gerðir ævintýrisins; auk þess verður fjallað um hvað þær geta sagt okkur um sögumennina og um aldur Vilfríðar sögu á Íslandi. Að lokum verður reynt að útskýra hvaða þýðingu þetta ævintýri getur almennt haft fyrir spurninguna um aldur og eðli íslenskra ævintýra.

